

**450. fundur velferðarnefndar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 17. september**  
**2020 og hófst hann kl. 08:10.**

**Fundinn sátu:**

Pórir Guðmundsson varaformaður, Hulda María Guðjónsdóttir aðalmaður, Bragi Rúnar Axelsson formaður og Auður Helga Ólafsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Hlynur Reynisson.

**Embættismenn:**

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs og Alberta G Guðbjartsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði.

**Fundargerð ritaði:** Alberta G Guðbjartsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu.

Harpa Björnsdóttir, nýr aðalmaður, sat fundinn.

Harpa Stefánsdóttir, ráðgjafi félagsþjónuustu, sat fundinn.

**Dagskrá:**

**1. Trúnaðarmál - velferðarnefnd - 2011090094**

Eitt trúnaðarmál kynnt í velferðarnefnd.

*Trúnaðarmálið afgreitt og fært til bókar í trúnaðarmálabók velferðarnefndar.*

**2. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2021-2033 - 2020070011**

Heiða Hrund Jack, skipulagsfulltrúi, mætir til fundar og kynnir vinnu við endurskoðun á aðalskipulagi með tillit til velferðarmála.

*Nefndin þakkar Heiðu Hrund Jack fyrir kynninguna og felur stafsönnum að vinna málið áfram.*

**3. Endurskoðun bæjarmálasamþykktar Ísafjarðarbæjar - 2012120018**

Lagt fram til kynningar tillaga bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar um breytingar á Samþykktum um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, í samræmi við minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, bæjarritara, dags. 1. september 2020. Bæjarstjórn óskar umsagna nefnda á 460. fundi sínum þann 3. september sl.

*Starfsmönnum er falið að óska eftir skilgreiningum á hlutverki velferðarnefndar með vísan til 14.gr. laga um húsnæðismál nr.44 frá 1998.*

**4. Gjaldskrár 2021 - 2020050033**

Kynnt gjaldskrá velferðarsviðs árið 2020 og tillögur fyrir árið 2021.

*Nefndin felur starfsmönnum að yfirfara gjaldaskrá með tilliti til tekjumarka og samsetningar gjaldskrárliða.*

**5. Kynjahlutfall í fastanefndum - 2018100072**

Lagt fram til kynningar samantekt um hlutfall kynja í fastanefndum.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:25**

---

Þórir Guðmundsson

---

Hulda María Guðjónsdóttir

---

Bragi Rúnar Axelsson

---

Hlynur Reynisson

---

Margrét Geirsdóttir

---

Alberta G Guðbjartsdóttir